

En svo kemur þá það, sem hér er aðalatriðið. Gyðingar skoðuðu öll þessi verk Mósesar sem kraftaverk, gjörð með guðs aðstoð, en egyptku prestana kalla þeir töframenn og kuklara, er þó vinna alveg sömu verk og Móses—en með aðstoð „falsguða“. Hér er alls enginn verkamunur, að eins skilnings og skoðana munur eða réttara trúarmunur. Og frá því sjónarmiði er á milli dæmt tófра og kraftaverka.

Hér er þá all ljóslega sýnt, hvað hjátrú og fjölkyni er, og takmörkin dregin fyrir því, er síðar verður hér um fjallað.— En í því, sem á eftir fer, verður einkum fengist við þroskun og útbreiðslu hjátrúarinnar í Norðurálfunni. Er til uppruna og upp-taka hjátrúarinnar kemur, verður að leita út fyrir Norðurálfuna og það til fleiri en eins staðar. Þótt hjátrú hafi víða kvíknað og þaðan breiðst út, þá finnast samt aðallega tvær stórar upprunamiðjur, og frá þeim gengur hún í margar áttir, bæði suður, en þó aðallega vestur á böginn.

Af öllum þeim ægilegu flóðöldum hjátrúarinnar, er á rás tímanns flætt hafa yfir Evrópu er það mest allt aðflutt frá Austurlandaþjóðum og svo Forn-Egyptum. Aðalflutningur hefir átt sér stað á ýmsum tínum með ólíkum brautum. Tvær eru megin uppruna stöðvarnar, hvaðan svo aðal brautirnar liggja. Hin eldri og upprunalegasta er frá Kaldeum fornu, þar sem sagan sýnir, að vagga hjátrúarinnar hefir staðið. Áhrifa hinnar hrikalegu hjátrúar Kaldea varð Norðurálfan fyrst vör, þá Alexander mikli fór herferð sína í Austurveg. Með mönnum hans—því sjálfur bar hann beinin þar eystra—fluttist Kaldeuspekin vestur.

Hin önnur megin uppsprettar er blandaðri og leiðirnar eða straumarnir frá henni óreglulegri, er þeir eru jöfnum höndum frá Gyðingum, Egyptum og Aröbum, en aðal flytjendurnir eru Máramarnir, er snemma á miðoldunum brutust inn í Norðurálfuna, og breiddu þar út nýja þekkingu, en einnig nýja hjátrú og hindurvitni.

Framhald næst.

